

Reglugjörð

91

10. sept.

um breyting á fjárskilareglugjörð 22. júlí 1916 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu.

Fyrir »á laugardaginn« í 49. gr. 4. málslíð, komi: í rjettalok.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast þegar gildi.

Í stjórnarráði Íslands, 10. september 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.

Auglýsing

92

15. sept.

stjórnarráðsins um barnafræðslu skólaárið 1917—18.

1. Þeir barnaskólar, sem reknir verða næsta vetur samkvæmt gildandi reglugjörð, fá styrk úr landssjóði til skólahaldsins sem að undanförmu.

2. Þeim barnaskólum, sem ekki geta aflað sjer eldsneytis til nægilegrar hitunar á skólastofunum, heimilast að stytta kenslutímam frá því, sem hann er ákveðinn í reglugjörð, án þess að missa rjett til styrks úr landssjóði, en styrkurinn, sem eins og fyr verður miðaður við námstímalengd, barnafjölda og tilkostnað, skal þó bundinn því skilyrði, að kensla fari fram að minsta kosti 8 vikur, og að hvert barn njóti 8 vikna kenslu.

3. Ef heimangönguskóli verður ekki rekinn næsta skólaár, annaðhvort vegna eldsneytisskorts eða annara erfiðleika, sjer skólanefndin um, að kennari eða kennarar hafi eftirlit með heimafræðslu barna og aðstodi heimilin við hana jafnlangan tíma af skólaárinu og skólinn á að starfa samkvæmt reglugjörð.